

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Garðastræti 17.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 14. maí 2014, breytingu á deiliskipulagi Grjótaborps vegna lóðanna nr. 17 og 17a við Garðastræti. Í breytingunni felst að sameina lóðirnar í Garðastræti 17.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Höfðatorg.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 11. apríl 2014, breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs. Í breytingunni felst lækkun á bílastæðakröfu ef um hótelfarsemi verður að ræða og breyting á lóðarmörkum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Barónsstígur 43, Sundhöllin.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 25. apríl 2014, breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 43 við Barónsstíg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og aukning á byggingarmagni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Klettagarðar 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 16. maí 2014, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 11 við Klettagarða. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og hækkun á nýtingarhlutfalli.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 16. maí 2014.*

**Björn Axelsson.**